

Fundargerð 325. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: þriðjudagur 2. september 2025
Fundartími: 17:00-18:15
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 308, dags. 27.08.2025:

a) Hvítárbyggð L238531; Gisting I og II; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting - 2508064

Lögð er fram tillaga óverulegrar deiliskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í Hjálmholti, Hvítárbyggð L238531. Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi landeigna.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að tillaga óverulegrar deiliskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í Hjálmholti, Hvítárbyggð L238531 fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi landeigna. Sveitarstjórn bendir á að endanleg niðurstaða um heimild til að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins liggi ekki fyrir en eftir kynningu og fer samþykki eða synjun eftir því hvort athugasemdir berist á kynningartíma breytingatillögunnar. Einnig bendir sveitarstjórn á að miðað við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins er rekstrarleyfisskyld útleiga í flokki II ekki heimil innan íbúðarbyggðar en umsækjandi hefur þegar óskað eftir breytingu á landnotkun svæðisins sem vísað var til endurskoðunar aðalskipulags.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Heiðargerði 9-18; Athafnasvæði; Deiliskipulag - 2412025

Fyrir liggur að á 307. fundi skipulagsnefndar og á 324. fundi sveitarstjórnar bókuðu skipulagsnefnd UTU og sveitarstjórn Flóahrepps um samþykki deiliskipulags fyrir athafnasvæði í Heiðargerði 9-18 og að deiliskipulagið yrði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Við nánari skoðun á málinu er ljóst að búið var að auglýsa deiliskipulagið dagana 09.01.2025-21.02.2025 og því um endurtekna auglýsingu að ræða eftir að tillaga deiliskipulagsins var uppfærð eftir athugasemdir frá auglýsingu í upphafi árs.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka auglýsingu úr birtingu og fellur frá fyrri bókun um auglýsingu ofangreinds deiliskipulags þar sem það var auglýst dagana 09.01.2025-21.02.2025. Sveitarstjórn telur ekki þörf á að auglýsa deiliskipulagið aftur og samþykkir að það taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda, með fyrirvara um lagfæringu á texta í greinargerð deiliskipulagsins sem snýr að Hitaveitu Hraungerðishrepps sem og lagfæringu á misræmi á aðkomuvegi í deiliskipulagi svæðisins og deiliskipulags Þinghúss L237837.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Vegna ráðningar aðalbókara á skrifstofu Flóahrepps

Fyrir liggur að starfandi aðalbókari/launafulltrúi á skrifstofu Flóahrepps hefur sagt starfi sínu lausu frá 31. desember 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að ráðning á aðalbókara/launafulltrúa fari í gegnum ráðningarskrifstofu og að viðauki verði gerður vegna kostnaðar við auglýsingu og ráðningu starfsmanns. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við ráðningarskrifstofu vegna auglýsingar og ráðningar og stilla upp viðauka vegna kostnaðar við ráðningu starfsmanns.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Íbúðarbyggð við Þingborg – aðkeypt ráðgjöf

Í tengslum við nýja íbúðarbyggð við Þingborg er ljóst að uppfæra þarf ýmsar samþykktir s.s. samþykktir um gatnagerðargjöld, meðhöndlun úrgangs og fráveitu og setja reglur um úthlutun lóða hjá sveitarfélaginu ásamt öðrum tilfallandi stjórnsýslutengdum þáttum. Lagt er til að samið verði við ráðgjafa vegna yfirferðar og uppfærslu á samþykktum og reglum sem tengjast uppbyggingu á nýju íbúðarsvæði í Þingborg og að ráðgjafi vinni náið með sveitarstjóra að þeim verkefnum. Einnig er lagt til að skoðað verði að ráða tímabundinn verkefnastjóra til að fara yfir útboðsgögn, hafa eftirlit og yfirumsjón með verklegum framkvæmdunum þegar útboð hefur farið fram og samið hefur verði við verktaka um jarðvinnu og gatnagerð.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að leita eftir hæfum aðilum til að sinna ofangreindum verkefnum og vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá Minjastofnun – Austur-Meðalholt undirbúningur friðlýsingar

Fyrir liggur erindi frá Minjastofnun dags. 27.08.2025 er varðar undirbúningur friðlýsingar búsetulandslags að Austur-Meðalholtum í Flóa með húsum og minjum á bæjarhólnum og í næsta nágrenni hans. Loftmynd sem sýnir mörk þess svæðis sem friðlýsingin tekur til fylgir með í gögnum málsins ásamt hnitaskrá. Með vísan til 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er sveitarfélaginu Flóahreppi gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við friðlýsingartillöguna og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða friðlýsingartillögu Minjastofnunar og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum vegna Austur-Meðalholt í Flóa. Sveitarstjórn telur að í friðlýsingaskilmálum Minjastofnunar komi skýrt fram að Minjastofnun metur búsetulandslag í Austur-Meðalholtum sem einstæða minjaheild með ríkt varðveislugildi. Erindi Minjastofnunar verður einnig sent á byggingafulltrúa sveitarfélagsins til umsagnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Íslenski bærinn í Austur-Meðalholtum

Fyrir liggur minnisblað frá fundi dags. 25.08.2025 vegna málefna Íslenska bæjarins í Austur-Meðalholtum. Á fundinum sátu fulltrúar sveitarstjórnar ásamt formanni Héraðsnefndar Árnesinga og safnstjóra Byggðasafns Árnesinga.

Í kjölfar fundar dags. 25.08.2025 um málefni Íslenska bæjarins í Austur-Meðalholtum og erindis frá Minjastofnun dags. 27.08.2025 um undirbúningur friðlýsingar búsetulandslags að Austur-Meðalholtum vill sveitarstjórn Flóahrepps leggja áherslu á aðkomu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins að málinu enda sýni gögn frá Minjastofnun fram á rökstuðning á varðveislu einstæðri minjaheild, menningarlandslags bæjarhólsins og nánasta umhverfis hans. Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps sýna friðlýsingarskilmálar frá Minjastofnun fram á að farið hefur fram fagleg úttekt sem sýnir fram á mikilvægi þess að varðveita Íslenska bæinn í Austur-Meðalholtum. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir viðbrögðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins varðandi upplegg um starfsemi og varðveislu Íslenska bæjarins til framtíðar af hálfu íslenska ríkisins.

Sveitarstjórn samþykkir að minnisblað sem liggur fyrir fundi verði sent á eigendur Íslenska bæjarins til kynningar sem og á Samtöku Sunnlenskra sveitarfélaga, Héraðsnefnd Árnesinga, Minjastofnun og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá Flóamannabók – Ósk um niðurfellingu á húsaleigu

Fyrir liggur erindi frá Flóamannabók þar sem óskað er eftir því að húsaleigu vegna árlegs Kótelettukvölds verði felld niður.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fella niður húsaleigu á félagsheimilinu Félagslundi vegna fjáröflunar tengt Flóamannabók og styrkja á þann hátt verkefnið um 110.200 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Félagi fósturforeldra – Styrkbeiðni til Flóahrepps

Fyrir liggur erindi frá Félagi fósturforeldra þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 25.000 kr fyrir rekstri og þjónustu félagsins á árinu 2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í erindið og samþykkir að vísa styrkbeiðni til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá Aldísi Sigfúsdóttur – Vegna deiliskipulags við Laugardæli – 2411053

Fyrir liggur tölvupóstur frá Aldísi Sigfúsdóttur þar sem hún óskar eftir því að fá upplýsingar um það hvort sveitarstjórnarmenn hafi haft aðgang að og kynnt sér frumgögn andmæla sem hún sendi inn vegna deiliskipulags við Laugardæli (mál nr. 2411053).

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir að frumgögn andmæla sem Aldís Sigfúsdóttir sendi inn vegna deiliskipulags við Laugardæli (mál nr. 2411053) hafi legið fyrir í fundagátt UTU undir fundi skipulagsnefndar nr. 306, dags. 09.07.2025 sem allir aðalmenn í sveitarstjórn hafa aðgang að við afgreiðslu mála sem koma frá skipulagsnefnd til sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Ársþing SASS 2025 – Upplýsingar og skráning í millipinganefndir

Ársþing SASS verður haldið á Kirkjubæjarklaustri dagana 23.-24. október. Þingfulltrúar Flóahrepps eru Árni Eiríksson, Walter Fannar Kristjánsson og Hjalti Guðmundsson. Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri hefur að auki seturétt án atkvæðisréttar á þinginu.

Fyrir ársþingið verða millipinganefndir að störfum þar sem farið er yfir málefni sem helst brenna á kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum. Óskað er eftir því að aðalmenn í sveitarstjórn Flóahrepps skrái sig í nefndirnar sem að þessu sinni sameinast undir flokkum nýrrar Sóknaráætlunar Suðurlands. Flokkarnir eru: Atvinna- og nýsköpun, samfélag, umhverfi og innviðir.

Aðalmenn í sveitarstjórn Flóahrepps munu skrá sig á viðeigandi skráningarformi hjá SASS og er þeim falið að koma á framfæri áherslum Flóahrepps inn í umræður í millipinganefndum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2.-3. október – lokun skrifstofu

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin í Reykjavík dagana 2.-3. október 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps ásamt starfsmönnum skrifstofu munu sækja ráðstefnuna í ár.

Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokað dagana 2.-3. október og að lokun verði auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Andrési Sigurðssyni og Hjördísi Jónu Gísladóttur – Ósk um breytingu á landnotkun Mosató 6 L231444

Fyrir liggur erindi frá Andrési Sigurðssyni og Hjördísi Jónu Gísladóttur er varðar ósk um breytingu á landnotkun L231444 úr frístundabyggð yfir íbúðarbyggð. Óskað er eftir því að sú breyting verði tekin inn í heildarendurskoðun aðalskipulags Flóahrepps sem nú er í gangi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa beiðni um breytingu á landnotkun Mosató 6 L231444 úr frístundabyggð yfir í íbúðarbyggð til endurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem nú stendur yfir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 324, dags. 19.08.2025
- b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 35, dags. 26.08.2025
- c) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 334, dags. 19.08.2025
- d) Stjórnar SASS nr. 625, dags. 14.08.2025
- e) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 126, dags. 14.08.2025

14. Efni til kynningar

- a) Fréttatilkynning á vef Innviðaráðuneytis – Styrkur til almenningssamgangna
- b) Frá Náttúrufræðistofnun – Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar 2024
- c) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Ungmennaráð sveitarfélaga
- d) Frá Jafnréttisstofu – Afmælisráðstefna Jafnréttisstofu
- e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 16. september kl. 17:00

15. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)
Walter Fannar Kristjánsson (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)